



Tenglafundur var haldinn þann 9. október. Þar fengu bekkjartenglar kynningu og hugmyndir að viðburðum. Mjög mikilvægt er að hafa tvo viðburði á ári með foreldrum. Við kynntum styrkinn sem tenglar geta sótt um fyrir hvern árgang, í heild 10.000 kr. yfir veturinn. Hann skal rökstuddur og ef hann er notaður til að kaupa búnað verður búnaðurinn eftir í skólanum til afnota fyrir fleiri nemendur.

Í október gaf foreldrafélagið gaf öllum nemendum í 1. bekk **endurskinsvesti**, og nú, merkt með nafni. Vestin hafa verið gefin undanfarin 3 ár og ríkir mikil ánægja með þau bæði hjá kennurum, nemendum og foreldrum.

Fyrsti fyrirlestur vetrarins í nafni Samborgar var haldinn í FSu þann 11. nóvember. Hann var ætlaður foreldrum ungmenna frá 8. bekk til 18 ára aldurs og var hann vel sóttur. Þar var fjallað um líðan ungmenna og hversu miklu máli foreldrar skipta.

Fyrsti fundur stjórnarinnar var haldinn 28. ágúst og þar var ný stjórn skipuð:

Formaður: Kristjana Sigríður Skúladóttir
Gjaldkeri: Sigurður Ástgeirsson
Ritari: Anna Rósa Einarsdóttir
Meðstjórnendur: Urður Skúladóttir, María Berg Guðnadóttir, Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir og Margrét Anna Guðmundsdóttir

Framundan:

Forvarnarrölt verður með óbreyttu sniði í vetur og fyrsta rölt vetrarins verður föstudagskvöldið 17. nóvember. Lagt er af stað kl 22:00 frá Pylsuvagninum. Viðburðirnir verða auglýstir inni á facebook síðunni: **Forvarnarrölt í Árborg.**

Fræðslufundur á vegum forvarnateymis Árborgar verður haldinn **29. nóvember** í Sunnulækjarskóla. Heitt súkkulaði og léttar veitingar í boði. Dagskrá fundarins: Eyjólfur sálfræðingur með fræðslu um áhættuhegðun og tölvufíkn og Maggi Stef verður með Marítafræðslu, fíkniefna- og forvarnafræðslu. Í lokin verða Félagsþjónustan og Lögreglan með stutt erindi.



Við minnum á að félagsgjöldin sem eru komin inn í heimabankana, 1000 kr. á heimili, óháð fjölda nemenda.